

## Íslenskur upplýsingatækniðnaður 1998–2005

### *The ICT sector in Iceland 1998–2005*

**Samantekt** Árið 2005 störfuðu 422 fyrirtæki með ríflega 6.100 starfsmenn í upplýsingatækniðnaði hér á landi. Velta þessara fyrirtækja nam rétt tæpum 100 milljörðum þetta sama ár.

Árið 2005 voru fluttar inn upplýsingatæknivörur að verðmæti 46 milljarða. Sama ár voru fluttar út upplýsingatæknivörur fyrir ríflega 840 milljónir íslenskra króna.

Í þessu riti birtir Hagstofan tölur yfir fjölda starfandi fyrirtækja í upplýsingatækniðnaði, fjölda starfsmanna og veltu fyrirtækja í þessum geira á árunum 1998–2005. Að auki eru hér birtar tölur yfir verðmæti upplýsingatæknivara sem fluttar voru inn og út úr landi árin 2000–2005.

### Fjöldi fyrirtækja, starfsmanna og velta

*Fyrirtækjum fjölgaði um 117 á átta árum*

Á átta ára tímabili hefur starfandi fyrirtækjum í upplýsingatækniðnaði fjölgað úr 305 árið 1998 í 422 árið 2005. Fjölgunin hefur helst orðið meðal fyrirtækja í hugbúnaðargerð og ráðgjöf, en þeim fjölgaði um 102 frá árinu 1998 til ársins 2005. Fyrirtæki í síma- og fjarskiptaþjónustu voru 14 fleiri árið 2005 en árið 1998. Fjöldi fyrirtækja í heildverslun með upplýsingatæknivörur var 133 árið 2005 sem er nánast sami fjöldi og árið 1998 þegar heildverslanir með upplýsingatæknivörur voru 131. Árið 2005 starfaði 21 fyrirtæki við framleiðslu upplýsingatæknivara og hefur fjöldi slíkra fyrirtækja haldist nokkuð stöðugur frá árinu 1998 (sjá töflu 3).

*Starfsfólki fækkar í framleiðslu en fjölgar í þjónustu*

Þrátt fyrir nær óbreyttan fjölda fyrirtækja í framleiðslu upplýsingatæknivara hefur starfsmönnum slíkra fyrirtækja fækkað um þriðjung frá árinu 1998. Starfsmönnum þjónustufyrirtækja í upplýsingatækniðnaði hefur hins vegar fjölgað um 40% frá árinu 1998 (sjá töflu 4).

*99% starfa við þjónustu*

Ríflega 6.100 manns störfuðu hjá upplýsingatæknifyrirtækjum árið 2005. Af þeim störfuðu um fjórir af hverjum tíu við hugbúnaðargerð og ráðgjöf og um þrír af hverjum tíu störfuðu ýmist í heildverslun með upplýsingatæknivörur eða í síma- og fjarskiptaþjónustu. Fæstir störfuðu hins vegar hjá fyrirtækjum sem framleiða upplýsingatæknivörur (sjá töflu 4)

*46% heildarveltu upplýsingatæknifyrirtækja er velta heildverslana*

Heildarvelta fyrirtækja í upplýsingatækniðnaði nam rétt tæpum 100 milljörðum árið 2005. Um fjórðungur heildarveltu er frá fyrirtækjum í hugbúnaðargerð og ráðgjöf, 29% heildarveltu skapa fyrirtæki í síma- og fjarskiptaþjónustu og 46% heildarveltu er tilkomin vegna fyrirtækja í heildverslun (sjá töflu 5).

### Inn- og útflutningur upplýsingatæknivara

*15% innfluttra vara falla undir upplýsingatækni*

Árið 2005 var heildarverðmæti innfluttra vara tæplega 314 milljarðar króna. Þar af nam verðmæti innfluttra upplýsingatæknivara ríflega 46 milljörðum króna eða um



Vermæti útfluttra  
upplýsingatæknivara er um  
0,4% af heildarverðmæti  
útfluttra vara

15%. Að stærstum hluta eru það tölvur og tölvubúnaður en þar næst kemur rafbúnaður fyrir mynda- og hljóðflutning (sjá töflu 1).

Verðmæti útfluttra upplýsingatæknivara var um 0,4% af heildarverðmæti útfluttra vara árið 2005. Það ár voru fluttar út upplýsingatæknivörur að verðmæti 841 milljón íslenskra króna. Nærri tveir þriðju hlutar verðmætisins voru annars konar upplýsingatæknibúnaður eða 523 milljónir. Því næst komu tölvur, tölvubúnaður og fjarskiptabúnaður (sjá töflu 2).

## Heimildir og skilgreiningar

Við birtingu niðurstaðna um fjölda fyrirtækja og veltutölur er byggt á upplýsingum ríkisskattstjóra um virðisaukaskattskil fyrirtækja viðkomandi ár. Til að geta talist starfandi fyrirtæki er miðað við að fyrirtæki hafi að lágmarki 5 milljónir íslenskra króna í ársveltu á árinu 2000 og fyrir önnur ár er sú viðmiðunarfjárhæð látin taka sömu breytingum og vísitala neysluverðs. Nánari sundurgreiningu á þeim atvinnugreinum sem teljast til upplýsingatækni má finna á vefslóðinni [www.hagstofa.is/upplýsingataekni](http://www.hagstofa.is/upplýsingataekni).

Við talningu á fjölda starfandi er byggt á staðgreiðsluskilum þeirra fyrirtækja sem ná veltulágmörkum hvers árs.

Upplýsingar um inn- og útflutning byggjast á gögnum frá tollayfirvöldum og Seðlabanka Íslands. Lista yfir tollskrárnúmer upplýsingatæknivara má finna á vefslóðinni [www.hagstofa.is/upplýsingataekni](http://www.hagstofa.is/upplýsingataekni).

### Tafla 1. Innflutningur upplýsingatæknivara 2000–2005

Table 1. Imports of ICT goods 2000–2005

Í milljónum króna Cif Million ISK Cif	2000	2001	2002	2003	2004	2005
<b>Innflutningur UT-vara alls</b>						
<i>Imports of ICT goods total</i>	<b>44.617</b>	<b>38.288</b>	<b>36.298</b>	<b>36.098</b>	<b>38.534</b>	<b>46.199</b>
Rafbúnaður fyrir mynda- og hljóðflutning						
<i>Audio- and video equipment</i>	7.970	5.998	6.157	7.095	8.845	11.184
Tölvur og tölvubúnaður						
<i>Computers and related equipment</i>	16.737	15.158	14.919	14.935	16.190	17.969
Rafeindahlutar <i>Electronic components</i>	5.548	5.828	4.741	4.796	4.919	6.314
Fjarskiptabúnaður <i>Telecommunication equipments</i>	7.420	6.605	5.017	5.438	5.024	6.971
Annars konar upplýsingatæknibúnaður						
<i>Other ICT goods</i>	6.943	4.700	5.465	3.834	3.556	3.761

### Tafla 2. Útflutningur upplýsingatæknivara 2000–2005

Table 2. Exports of ICT goods 2000–2005

Í milljónum króna Fob Million ISK Fob	2000	2001	2002	2003	2004	2005
<b>Útflutningur UT-vara alls</b>						
<i>Exports of ICT goods total</i>	<b>566</b>	<b>710</b>	<b>907</b>	<b>759</b>	<b>556</b>	<b>841</b>
Rafbúnaður fyrir mynda- og hljóðflutning						
<i>Audio- and video equipment</i>	22	15	12	12	21	23
Tölvur og tölvubúnaður						
<i>Computers and related equipment</i>	152	115	125	75	70	138
Rafeindahlutar <i>Electronic components</i>	69	98	68	127	26	86
Fjarskiptabúnaður <i>Telecommunication equipments</i>	88	74	80	42	65	71
Annars konar upplýsingatæknibúnaður						
<i>Other ICT goods</i>	235	408	622	503	374	523

**Tafla 3. Fjöldi fyrirtækja í upplýsingatækniðnaði 1998–2005**

Table 3. Number of enterprises in the ICT sector 1998–2005

Fjöldi <i>Number</i>	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
<b>UT fyrirtæki alls <i>ICT sector total</i></b>	<b>305</b>	<b>333</b>	<b>374</b>	<b>383</b>	<b>390</b>	<b>408</b>	<b>425</b>	<b>422</b>
UT-framleiðsla <i>ICT production</i>	22	20	23	23	21	20	20	21
UT-þjónusta alls <i>ICT services total</i>	283	313	351	360	369	388	405	401
Heildverslun <i>Wholesale</i>	131	135	137	126	125	134	128	133
Síma- og fjarskiptaþjónusta <i>Telecommunication</i>	5	8	14	14	17	13	16	19
Hugbúnaðargerð og ráðgjöf <i>Consultancy services</i>	147	170	200	220	227	241	261	249

**Tafla 4. Fjöldi starfandi í upplýsingatækniðnaði 1998–2005**

Table 4. Number of employees in the ICT sector 1998–2005

Fjöldi <i>Number</i>	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
<b>UT fyrirtæki alls <i>ICT sector total</i></b>	<b>4.477</b>	<b>5.205</b>	<b>5.865</b>	<b>5.931</b>	<b>5.709</b>	<b>5.433</b>	<b>5.534</b>	<b>6.145</b>
UT-framleiðsla <i>ICT production</i>	130	102	128	121	116	92	81	87
UT-þjónusta alls <i>ICT services total</i>	4.347	5.103	5.737	5.810	5.593	5.341	5.453	6.058
Heildverslun <i>Wholesale</i>	1.487	1.581	1.601	1.552	1.557	1.537	1.620	1.772
Síma- og fjarskiptaþjónusta <i>Telecommunication</i>	1.320	1.490	1.629	1.642	1.671	1.555	1.514	1.658
Hugbúnaðargerð og ráðgjöf <i>Consultancy services</i>	1.540	2.032	2.507	2.616	2.365	2.249	2.319	2.628

**Tafla 5. Velta í upplýsingatækniðnaði 1998–2005**

Table 5. Turnover in the ICT sector 1998–2005

Í milljónum króna á verðlagi hvers árs <i>Million ISK at current prices</i>	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
<b>UT fyrirtæki alls <i>ICT sector total</i></b>	<b>47.443</b>	<b>57.380</b>	<b>67.271</b>	<b>71.787</b>	<b>74.385</b>	<b>77.728</b>	<b>88.100</b>	<b>99.633</b>
UT-framleiðsla <i>ICT production</i>	897	896	1.175	1.315	1.188	930	921	1.134
UT-þjónusta alls <i>ICT services total</i>	46.547	56.484	66.097	70.472	73.197	76.798	87.178	98.499
Heildverslun <i>Wholesale</i>	24.496	27.627	30.497	30.592	32.607	34.497	40.709	46.442
Síma- og fjarskiptaþjónusta <i>Telecommunication</i>	12.310	15.349	19.680	21.005	22.469	23.934	26.171	28.640
Hugbúnaðargerð og ráðgjöf <i>Consultancy services</i>	9.741	13.509	15.920	18.876	18.121	18.367	20.298	23.417

## English Summary

In the year 2005 the total number of enterprises in the ICT sector was 422 employing more than 6,100 employees. That same year the turnover in the ICT sector amounted to a little less than 100 billion ISK.

The value of imported ICT goods was 15% of total value of imported goods in the year 2005. Value of exported ICT goods was 841 million ISK in the year 2005 or less than 0.5% of the total value of exported goods.

This publication includes data on the number of enterprises, employees and turnover in the ICT sector in Iceland during the period 1998–2005 as well as the value of exported and imported goods during the years 2000–2005.

## Hagtidindi    Upplýsingatækni Statistical Series    *Information technology*

92. árgangur nr. 19

ISSN 0019-1078

2007:2

ISSN 1670-4592 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4606 (pdf)

Verð ISK 500    *Price EUR 7*

Umsjón *Supervised by* Guðfinna Harðardóttir • [gudfinna.hardardottir@hagstofa.is](mailto:gudfinna.hardardottir@hagstofa.is)

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

[afgreidsla@hagstofa.is](mailto:afgreidsla@hagstofa.is)

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi)    [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)